
1945 nr. 105 21. desember
**Lög um þátttöku Íslands í stofnun gjald-
eyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt
tillögum Bretton Woods fundarins og um
lántöku í því skyni**

Tóku gildi 31. desember 1945. Breytt með l. 30/1959 (tóku gildi 31. júlí 1959), l. 30/1960 (tóku gildi 1. júní 1960) og l. 103/1999 (tóku gildi 1. jan. 2000).

■ **1. gr.** Ríkisstjórn Íslands er heimilt fyrir hönd hins íslenska lýðveldis að gerast aðili að stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka, samkvæmt tillögum, sem samþykktar voru í júlí 1944 á fundi hinna sameinuðu þjóða og þeirra þjóða, sem með þeim vinna (United and Associated Nations) í Bretton

Woods í Bandaríkjunum.

■ **2. gr.** . . . ¹⁾

¹⁾ L. 103/1999, 1. gr.

■ **3. gr.** [Til þess að standa straum af framlögum ríkisins til gjaldeyrissjóðsins og alþjóðabankans heimilast ríkisstjórninni að taka innanríkislán, er jafngildi allt að 3,5 milljónum dollara.]¹⁾

¹⁾ L. 30/1959, 1. gr.

■ **4. gr.** . . . ¹⁾

¹⁾ L. 30/1960, 14. gr.

■ **5. gr.** Skylt er öllum þeim, sem skulda fé í erlendum gjaldeyri, að gefa Hagstofu Íslands skýrslu um skuldir sínar ársfjórðungslega í því formi, er hún fyrirskipar.